

6. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga á þeim hluta skattaafsláttar og barnabóta, sem ráðstafað er til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds ársins 1987 eða fyrri ára, skulu falla á fimm gjalddaga, sem eru 20. ágúst, 20. september, 20. október, 20. nóvember og 20. desember 1987 og vera sem næst fimmti hluti hverju sinni af upphaflegri fjárhæð. Fari svo að álagning í einhverjum umdæmum dragist svo lengi að greiðslu verði ekki við komið í ágústmánuði skulu sveitarfélögum í þeim umdæmum greiddir tveir fimmtu hlutar upphaflegrar fjárhæðar í september.

Í sveitarfélögum þar sem tíðkast að þorri útsvara er greiddur á færri gjalddögum en fimm (t.d. 1—2) skal heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og haga greiðslu í samræmi við það hvernig sveitarsjóði hefðu borist gjöldin ef hann hefði innheimt þau sjálfur hjá gjaldanda.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 16. febrúar, 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir Jónsson.

REGLUR

um reikningsskil og gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningurinn skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reikningsins, mat á hinum einstöku liðum og önnur atriði.

2. gr.

Við mat eigna og skulda skulu eftirfarandi reglur gilda:

1. Gengistryggðar eignir og skuldir skal í efnahagsreikningi færa miðað við kaupgengi í lok reikningsárs.
2. Verðtryggðar eignir og skuldir skal færa í efnahagsreikningi í lok reikningsárs með áföllnum verðbótum og skal miðað við vísitölu janúar á næsta ári.
3. Afmörkun áfallinna vaxta skal miða við bókfært verð eigna og skulda, sbr. tölulið 1 og 2 hér að ofan, og 31. desember, nema venja sé um annað.
4. Áfallnir dráttarvextir skulu reiknaðir að fullu.
5. Gulleign bankans skal metin samkvæmt verðskráningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

3. gr.

Ótryggjar kröfur má ekki meta á hærra verði en ætla má að fyrir þær fáist.

4. gr.

Kostnaðarverð varanlegra fjármuna skal gjaldfæra í rekstrarreikningi á því ári, sem þeir eru keyptir eða byggðir.

5. gr.

Árlega skal færa verðbreytingarfærslu í rekstrarreikninga og skal stofn til útreiknings vera stofnfé bankans og annað eigið fé í byrjun hvers reikningsárs. Færslan miðist við breytingar á lánskjaravísitölu frá janúar á reikningsári til janúar á næsta ári.

6. gr.

Áfallin opinber gjöld vegna rekstrar skal áætla og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi.

7. gr.

Áfallið orlof og orlofsframlag vegna starfsmanna fyrir tímabilið 31. maí — 31. desember skal reikna út miðað við launakjör í desember og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi.

8. gr.

Til að mæta áætlaðri lágmarksaukningu á lífeyrisskuldbindingum er heimilt, auk reglubundinna iðgjalda, að gjaldfæra framlag í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga sem sé allt að 10 % af þeim launum, sem iðgjöld reiknast af, þar til bókfærð skuld samsvarar skuldbindingu bankans. Þegar því marki er náð skal bókfærð skuld verðbætt og samsvara áætlaðri skuldbindingu bankans við Eftirlaunasjóð starfsmanna með mótbókun á rekstur.

9. gr.

Árlega skal gjaldfæra í rekstrarreikningi framlag í Arðsjóð, sem telst til skulda bankans, sem sé ekki minna en 40 millj. kr. miðað við verðlag í árslok 1984. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegu vaxta- og verðtryggingarkjörum, en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.

10. gr.

Rekstrarreikningur skal þannig gerður að hann gefi skýra mynd af því, hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

11. gr.

Efnahagsreikningur skal þannig gerður að hann gefi skýra mynd af eignum og skuldum bankans.

12. gr.

Í skýringum í ársreikningi bankans skal, auk upplýsinga um reikningsskilaaðferðir bankans, veita upplýsingar um eftirtalin atriði, komi þau ekki fram í rekstrar- og efnahagsreikningi:

1. Fasteignamat og brunabótamat fasteigna bankans.
2. Verðgildi lausafjár bankans.
3. Tryggingamat bóka- og myntsafns bankans.
4. Fjárfestinga á hverju ári í varanlegum fjármunum.
5. Breytingar á reikningsskilaaðferðum, sem veruleg áhrif hafa.
6. Áhrif breytinga á kjörum viðskiptavina bankans, sem veruleg áhrif hafa.
7. Sundurliðun á helstu rekstrargjöldum bankans.
8. Upplýsingar um eignarhluti í félögum og stofnunum.

13. gr.

Hafi bankinn ábyrgst skuldir annarra aðila skulu um það veittar upplýsingar í ársreikningi bankans.

14. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands. Reglunar öðlast þegar gildi, en gilda einnig fyrir það reikningsár sem hófst á árinu 1986 sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 36/1986.

Viðskiptaráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

Matthías Bjarnason.

Pórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akraness.

Hinn 7. janúar 1987 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Akraness:

1. Svæði fyrir íbúðabyggð á horni Kirkjubrautar og Skagabrautar breytist að hluta í lóð fyrir verslun og skrifstofur.
2. Verslana- og skrifstofusvæði á horni Kirkjubrautar og Háholts breytist í stofnana-svæði.
3. Svæði fyrir íbúðabyggð milli Háholts og Skagabrautar breytist í stofnanareit.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að Einarsnes verði aðalbraut. Jafnframt verði biðskylda á botngötu húsanna nr. 21—31 við Einarsnes, Gnitanesi og Bauganesi gagnvart Einarsnesi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 25. febrúar 1987.

Lögrelustjórinn í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Böðvar Bragason.